



BORGARSKJALASAFN  
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 612

# **Brynleifur Tobíasson**

(1890-1958)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík  
[www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is](http://www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is)

Einkaskjalasafn nr. 612

## Brynleifur Tóbiasson

### Formáli

Brynleifur Tóbiasson var fæddur 20. apríl 1890 að Geldingaholti í Skagafirði. Foreldrar hans voru þau Sigprúður Helgadóttir húsfreyja og Tóbiás Eiríksson bóndi í Geldingaholti. Brynleifur ólst upp í Geldingaholti og vann þar almenn sveitastörf. Þegar hann var átta ára dó faðir hans og Sigprúður giftist seinna Tóbiási Magnússyni.

Brynleifur fór í tveggja ára búfræðinám við Bændaskólann að Hólum, lauk þaðan prófi vorið 1907 og vann um skeið í Gróðrarstöðinni á Akureyri. Þegar Kennaraskólinn í Reykjavík tók til starfa 1908 settist Brynleifur þar í 4. bekk og lauk kennaraprófi vorið 1909. Árin 1909-1914 var hann barnakennari í Skagafirði. Hann var formaður Garðyrkjufélags Seiluhrepps í þrjú ár, í fyrstu stjórn Ungmennasambands Skagafjarðar og verkstjóri við Reykjarhálsgarða vor og haust. Veturinn 1914-1915, kenndi hann í Reykjavík og las jafnframt undir gagnfræðapróf við Menntaskólann, lauk því prófi vorið 1915 og stúdentsprófi frá sama skóla 1918. Haustið 1918 var hann settur kennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri og fékk skipun í starfið 1919. Þegar skólinn varð að Menntaskóla var Brynleifur kennari, yfirkennari og skólastjóri og kom víða við sögu þau 35 ár, er hann dvaldist á Akureyri.

Brynleifur Tóbiasson kvæntist, 25. september 1920, Sigurlaugu Hallgrímsdóttur fædd 22. september 1893 frá Akureyri. Foreldrar hennar voru þau Guðrún Sigurðardóttir og Hallgrímur stýrimaður. Hún lést í júní 1922 eftir aðeins tveggja ára sambúð. Sonur þeirra var Sigurlaugur fæddur 24. júní 1922. Brynleifur hélt síðan heimili með tengdforeldrum sínum og syni. 1922-1923 tók hann sér frí frá kennslu, fór erlendis og stundaði framhaldsnám bæði við háskólann í Kaupmannahöfn og í Leipzig.

Seinni kona Brynleifs, 29. ágúst 1952, var Guðrún Guðnadóttir fædd 28. janúar 1900 að Skarði á Landi. Foreldrar hennar voru þau Guðný Vigfúsdóttir húsfreyja og Guðni Jónsson bóndi að Skarði þar sem Guðrún ólst upp. Hún fór í Kvennaskólann í Reykjavík 1918-1920 og svo í húsmæðraskólann að Sorö í Danmörku 1924-1925. Árið 1931 fluttist hún alfarin til Reykjavíkur og stundaði þar verslunarstörf upp frá því. Árið 1941 stofnaði hún vefnaðarvöruverslunina Þjórsá við Laugaveg, er hún rak til æviloka. Hún var afkastakona til allra verka hvort sem hún vann við hússtörf eða verslunarstörf og listræn. Hún lét byggja hús við Bólstaðarhlíð 11 og þar bjuggu þau Brynleifur eftir að hann flutti frá Akureyri 1953.

Brynleifur gekk í bindindishreyfinguna á Sauðárkróki, 13. febrúar 1912. Í rúm 50 ár stóð hann í fremstu víglínu bindindismanna á Íslandi. Stórtemplar í Stórstúku Íslands var hann 1924-1927 og aftur 1955-1957. Var ritstjóri *Templarans* 1924-1927. Í miðstjórn norrænna bindindisþinga frá 1926 og umboðsmaður Hástúkunnar í Stórstúkunni á Akureyri 1935-1938 og stofnaði stúkuna *Mínervu* í Menntaskólanum í Reykjavík. Þá má nefna rit hans: *Bindindishreyfingin á Íslandi: söguágrip með myndum*, sem gefið var út á Akureyri 1936. Brynleifur gegndi hinum æðstu embættum í Góðtemplarareglunni á öllum stigum hennar, mætti á erlend bindindisþing og alþjóðþingum fyrir hönd Íslands. Hann sat í stjórnnum norrænna og alþjóðlegra bindindissamtaka og sat í framkvæmdanefnd Versalasambandsins gegn áfengisbölinu í París 1952. Hann var skipaður áfengisráðunautur ríkisstjórnarinnar 1953 og var það til dauðadags.

Ævistarf Brynleifs var kennsla. Hann var virðulegur og fágaður, réttlátur og hlýr í viðmóti. Mikill sögumaður, ræðumaður góður og sótti þá tilvitnanir í sögu liðinna alda. Latínumaður mun hann einnig hafa verið mikill. Hann var fræðimaður, sem kafaði í sögu liðinna kynslóða. Hann var bókavörður Amtsbókasafnsins 1918-1920 og eigandi og ritstjóri blaðsins *Íslendingur* á Akureyri 1920. Brynleifur fékkst við blaðamennsku og ritstörf auk þess að hann ritaði fjölda greina í blöð og tímarit. Mikið liggur eftir hann af sagnfræðilegum ritgerðum, þjóðlegum fróðleik og útvarpserindum. Hann flutti fjölmarga fyrirlestra innanlands og utan. Þekktasta rit hans er uppflettiritið *Hver er maðurinn?* I. og II. bindi, gefið út 1944. Það er í raun fyrsta ritið þeirrar tegundar sem síðan hafa komið út fjórum sinnum, undir heitunum *Íslenzkir samtíðarmenn* útgefið 1967, *Æviskrár samtíðarmanna* útgefið 1982, *Samtíðarmenn* útgefið 1993, og *Samtíðarmenn* útgefið 2003. Hann sat í útgáfunefnd Skagfirzkra fræða frá 1938 og til dauðadags. Af því ritsafni samdi hann *Heim að Hólum*. Önnur sérstök rit, sem út hafa komið eftir hann eru: *Vísi-Gísli*, 1920, *Jón Ögmundsson* 1925 og *Baldvin Einarsson* 1933. Einnig *Alþingismannatal: konungsfulltrúa, landshöfðingja, ráðherra o. fl. 1845-1945* og *Saga þjóðhátíðarinnar 1874*, útgefin 1958. Brynleifur Tobíasson og Guðrún Guðnadóttir létust aðfarnótt 27. febrúar 1958.

(Heimildir: *Dagur*, 29. júní 1922, bls. 90. *Morgunblaðið*, 28. febrúar 1958, bls. 20. *Morgunblaðið*, 7. mars 1958, bls. 7. *Tíminn*, 7. mars 1958, bls. 5 og 9. *Morgunblaðið*, 7. mars 1958, bls. 8. *Vísir*, 7. mars 1958, bls. 7. Minningargreinarnar eru settar fremst í öskju 1).

*Afhending:* Sigrún Ásta Jónsdóttir afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn Brynleifs Tobíassonar 31. janúar 2017. Skjölin fundust í einu af húsum Birgis Guðnasonar (1939-2016) málarameistara sem hann átti og leigði út.

*Innihald:* Bréf, jólakort, skipunarbréf, erindi, ræður, félagsskírteini, ættfræði, ljóð, bókhald, ljósmyndir, myndmót o.fl.

*Tímabil:* 1867-1958.

*Magn:* 13 öskjur

Í safninu voru einnig skjöl frá Jarðræktarfélagi Akureyrar. Bréf, fundarboð, félagatal, skýrslur, reikningar o.fl., 1897-1900. Skjölin voru send til Héraðsskjalasafnsins á Akureyri sem er með skjalasafn Jarðræktarfélagsins.

## Skjalaskrá

Skjölín komu flest í umslögum og böggjum. Umslögum raðað eftir efni og árum og arkir settar utan um umslög og skjöl þar sem með þurfti.

### Askja 1

*Bréfa- og málafn 1871-1956.*

#### Örk 1

Heillaskeyti. Afmælis- jóla- og áramótakveður til Sigurlaugar Hallgrímsdóttur og Brynleifs Tobíassonar, 27. febrúar 1917 til 20. apríl 1921.

Heillaskeyti. Afmælis- trúlofunar- og jólakveður til Sigurlaugar Hallgrímsdóttur og Brynleifs Tobíassonar, 20. apríl til 24. desember 1920.

Heillaskeyti. Brúðkaup Sigurlaugar Hallgrímsdóttur og Brynleifs Tobíassonar, 25.-26. september 1920.

Bréf til Sigurlaugar Hallgrímsdóttur frá Hallbjörgu Haraldsdóttur, 21. nóvember 1920.

Bréf og skeyti vegna andláts Sigurlaugar Hallgrímsdóttur, júní 1922.

Bréf og ljóð frá Jóni Sigurðssyni frá Dagverðareyri, ljóð frá Jóni Jónssyni og minningarstef frá F.B.A., 24. júní til 17. júlí 1922.

Umslag: Í því er reikningur frá Sjúkrahúsinu *Guðmanns minni* á Akureyri, 28. október 1922.

2 hárlökkar, ljósmynd af fólki við foss og 5 ljósmyndir líklega allar af sama manni, án árs.

Ættartré Brynleifs Tobíassonar og Sigurlaugar Hallgrímsdóttur, án árs.

#### Örk 2

Afmælisljóð til Brynleifs Tobíassonar, 20. apríl 1935.

Heillaskeyti til Brynleifs Tobíassonar, 1920, 1921, 1928, 1940, 1944, 1945, 1947 og 1948.

Heillaóskaskeyti til Brynleifs Tobíassonar, 12. desember 1949.

Afmælisljóð til Brynleifs Tobíassonar frá G.S.H. Hlöðum, 30. apríl 1950.

Afmælisljóð til Brynleifs Tobíassonar á sextugsafmæli frá Eiríki Pálssyni.

Afmælisljóð líklega til Brynleifs Tobíassonar frá Þ.S., 30. apríl 1950.

#### Örk 3

Bréf til Brynleifs Tobíassonar frá Guðrúnu Guðnadóttur konu hans, 1944-1956.

Heillaskeyti til Guðrúnar Guðnadóttur og Brynleifs Tobíassonar á brúðkaupsdag þeirra, 31. ágúst 1952.

Kort til Guðrúnar Guðnadóttur frá Brynleifi Tobíassyni manni hennar, 15. september 1956. Á kortinu er hópmynd og er Brynleifur líklega 4. frá vinstri í aftari röð.

Húsaleigusamningur. Guðrún Guðnadóttir leigir Mr. Lake of H.B.M. Legation in Reykjavík, 1. hæð í húsi hennar að Bólstaðarhlíð 11, 3. ágúst 1951 og 1952, afrit.

#### Örk 4

*Sigprúður Helgadóttir.*

Bréf til Brynleifs Tobíassonar frá Sigprúði Helgadóttur móður hans, 1912-1918.

Kort frá Brynleifi Tobíassyni til Sigprúðar Helgadóttur móður hans, 12. apríl 1917.

Bréf frá Brynleifi Tobíassyni til Sigprúðar Helgadóttur móður hans, 2. júlí 1918.

Sigprúður Helgadóttir, kveðjuljóð eftir Bjarnveigu Jóhannesdóttur.

Skrifstofur Skagafjarðarsýslu. Brynleifur Tobíasson greiðir erfðafjárgjald af arfi eftir Sigprúði Helgadóttur, 4. september 1920.

*Tobías Eiríksson.*

Kaup Tobíasar, líklega Eiríkssonar, 1871-1874.

Bréf til Tobíasar Eiríkssonar, föður Brynleifs, frá S. Jónssyni, 16. maí 1884.

Reikningur frá Gránufélagsversluninni á Sauðárkróki, 31. desember 1885.

*Tobías Magnússon.*

Bréf til Brynleifs Tobíasarsonar frá Tobíasi Magnússyni, seinni manni Sigprúðar Helgadóttur móður Brynleifs, 1909-1921.

Talsímatilkynning, 8. ágúst 1908.

Umslag: Á það er ritað: *Bréf til minningar um systur mínar.*

*Jófríður Tóbiasdóttir.*

Kort frá Brynleifi Tóbiassyni til Jófríðar systur hans, 1. desember 1908.

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar frá Jófríði systur hans, 1908-1909.

Réttritunarbók merkt Jófríði Tóbiasdóttur.

Æviágrip Jófríðar Tóbiasdóttur fædd 3. nóvember 1896, látin 1. desember 1911.

Ræða prests við útför Jófríðar Tóbiasdóttur.

Eftirmæli (undir nafni móðurinnar), ljóð.

Jófríður Tóbiasdóttir (undir nafni móðurinnar), ljóð eftir T. E. Magnússon.

Jófríður Tóbiasdóttir (undir nafni móðurinnar), ljóð eftir Sv. H.

Jófríður Tóbiasdóttir, ljóð eftir Jón Jónsson.

Vísur.

Skriftaræfingar.

*Margrét Tóbiasdóttir.*

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar frá Margréti systur hans, 1909-1912.

Bréf til elsku systur frá Margréti Tóbiasdóttur, 6. janúar 1912.

Skeyti til Brynleifs Tóbiassonar um að Margrét, fædd 19. ágúst 1899 látin 5. ágúst 1912, systir hans sé látin, 6. ágúst 1912.

Ljóð Guðrúnar Ólafsdóttur við jarðarför Margrétar Tóbiasdóttur 25. ágúst 1912.

Endursagnir, líklega skólaverkefni.

*Kristín Tóbiasdóttir.*

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar frá Kristínu fædd 20. nóvember 1901, látin 7. febrúar 1912, systur hans, 21. janúar 1910.

Bréf til elsku systur frá Kristínu Tóbiasdóttur, 6. janúar 1910.

Saknaðarstef syrgjandi föður, ljóð.

Skriftaræfingar.

*Hallgrímur.*

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar frá Hallgrími tengdafaður hans, 3. september 1929.

Tvö ljóð, líklega erfiljóð.

Umslag 5

Bréf til Sigurðar Guðmundssonar málara frá Matthíasi Jochumsyni, 7. desember 1872.

Bréf til Valdimars Briem frá Matthíasi Jochumsyni, 3. janúar 1883.

Bréf til elsku vinar, líklega Steingríms Matthíassonar, frá Matthíasi Jochumsyni, 1884-1901.

Umslag: Bréf til elsku vinar, líklega Steingríms Matthíassonar, frá Matthíasi Jochumsyni, 1905-1909.

## Askja 2

*Bréfa- og málafn 1904-1958.*

Örk 1

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar frá Sigurlaugi syni hans, 1922-1958.

Örk 2

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar frá barnabörnum, 1955-1957.

Örk 3

Bréf, jólakort, ljóð til Brynleifs Tóbiassonar, 1907-1949.

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar frá Dansk- Íslensk Forbundsfond, 28. mars 1923.

Bréf frá Búnaðarbanka Íslands þar sem Brynleifur Tóbiasson er skipaður gæslustjóri og féhirðir útibúsins á Akureyri, 10. ágúst 1932.

Minnisblöð.

Umslag: Bréfaskipti Búnaðarbanka Íslands og Brynleifs Tóbiassonar vegna uppsagnar o.fl., 1937-1938.

*Hlutabréf Garðyrkjufélags Seiluhrepps*, 1. desember 1904.

Bréf frá bæjarstjóra Akureyrar þar sem Brynleifur Tóbiasson er kjörinn aðalfulltrúi á þing Fjórðungssambands Norðlendinga, 7. júní 1950.

Húsaleigunefnd Akureyrar tekur út leiguhúsnæði Brynleifs Tóbiassonar, 30. september 1950.  
Dómsmálaráðherra skipar Brynleif Tóbiasson í starf áfengisvarnarráðunauts, 24. september 1954.

Örk 4

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar, 1906-1921.

Örk 5

Umslag: Bréf og jólakort til Brynleifs Tóbiassonar, 1908-1937. Minnisblöð o.fl., án árs.

### Askja 3

*Bréfa- og málafn 1909-1950.*

Poesie bók Brynleifs Tóbiassonar, 1909 og 1922.

Nokkrar glósur yfir *Pro Sexto Ros'cio*, 1917.

Uppskrifaðar einkunnir, bók, 1919-1920.

Örk 1

Staatsbibliothet Berlin, bókasafnsskírteini, 1922-1923.

Umslag: Bréf og kort til Brynleifs Tóbiassonar, 1912-1926. Minnisblöð, greinar, auglýsingar o.fl.

Örk 2

Umslag: Bréf og skeyti til Brynleifs Tóbiassonar, 1919-1949. Líklega glósur og uppskrifað efni, gæti tengst námi o.fl., án árs.

Umslag 3

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar, 1923-1950.

Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu skipar Brynleif Tóbiasson aðstoðarlögreglumann í Akureyrarkaupstað, 17 mars 1933.

Bréf, Brynleifur Tóbiasson hefur verið kosinn í nefnd gegn áfengisbölinu á Akureyri og í grend, 24. janúar 1933.

Bréf til sáttanefndar Akureyrarkaupstaðar, þar sem henni er greint frá máli Örlygs Sigurðssonar og Brynleifs Tóbiassonar í janúar 1941, afrit og skrifleg yfirlýsing frá Örlygi Sigurðssyni frá janúar 1941.

Bréf til yfirlæknisins á Akureyrarspítala frá Brynleifi Tóbiassyni, án árs.

Fæðingarvottorð Ragnheiðar Benediktsdóttur, útgefið 16. apríl 1947.

### Askja 4

*Bréfa- og málafn 1926-1956.*

Örk 1

Bréf, jólakort o.fl. til Brynleifs Tóbiassonar, 1926 og 1949-1951.

I.O.G.T., félagsskírteini Brynleifs Tóbiassonar, 1953.

Den 20. Nordiske Afholdskongres, meðlimakort, 8.-12. ágúst 1956.

*Lög Félagsins „Skjaldborg“ á Akureyri*, án árs. Aftast er innskriftarseðill í félagið.

Þakkarkort, nafnspjöld, stúdentakvöld, minnisblöð o.fl., án árs.

Örk 2

Bréf og kort til Brynleifs Tóbiassonar, greinar o.fl., 1927-1951.

Umslag 3

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar, jólakort, ljóð, ættfræði, minnisblöð o.fl., 1928-1948.

### Askja 5

*Bréfa- og málafn 1930-1950.*

Umslag 1

Bréf, afmælis- þakkar og boðskort, fundarboð, ljósmyndir án árs, minnisblöð o.fl., 1930-1949.

Örk 2

Umslag 1933-1942

Bréf og jólakort, 1933-1942.

*Deutsche Werke Jón Svenssons*, verkalisti, 1939.

Umslag 1935-1950

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar 1939, 1940 og 1950.

Æviágrip, minnisblöð, erindi o.fl., án árs.

Erindi flutt á skemmti- og útbreiðslufundi Húsavíkurstúkunnar, 29. nóvember 1941.

Minningarorð um Lilju Kristjánsdóttur, 18. júní 1935.

Ræða í *middagen for kronprins Frederik og Kronprinsesse Ingrid* á Akureyri, 27. júlí 1938.

Ávarp eða ræða, án árs.

Handbók alþingiskosninga 30. júní 1946 og ræða eða blaðagrein.

*Jahrbuch für Ulfholgegner*, dagbók, 1936.

## Askja 6

*Bréfa- og málafn 1944-1958.*

### Örk 1

Umslag: Bréf, jólakort o.fl. til Brynleifs Tóbiassonar, 1944-1956.

Menntamálaráðuneytið. Brynleifur Tóbiasson skipaður prófdómari í sögu við stúdentspróf í Verzlunarskóla Íslands, 30. apríl 1954.

### Örk 2

Umslag: Bréf og jólakort til Brynleifs Tóbiassonar, 1946-1951.

### Umslag 3

Bréf, þakkar- og jólakort til Brynleifs Tóbiassonar, 1947-1958.

Ljósmynd af tveim stúlkum. Aftan á myndina er ritað: *15. desember 1948. Innilegustu jóla- og nýársóskir og hjartans þakkir fyrir alla þá velvild, sem þú sýndir okkur stallsystur á liðnum vetrum. Með kærri kveðju. Soffía og Hallveig (sín á hvoru landshorni).*

Bréf, jóla og áramótakveðjur til Brynleifs Tóbiassonar, 1948.

## Askja 7

*Bréfa- og málafn 1953-2002.*

### Örk 1

Umslag: Bréf og jólakort til Brynleifs Tóbiassonar, 1953.

### Örk 2

Umslag: Bréf, boðs- þakkar- og jólakort til Guðrúnar Guðnadóttur og Brynleifs Tóbiassonar, 1953-1955.

Ríkisútvarpið. Dagskrá 9.-15. ágúst 1953. Föstudaginn 14. ágúst flutti Brynleifur Tóbiasson yfirkennari erindi *Frá norræna bindindismálaþinginu*, kl. 21.15.

### Umslag 3

Bréf, jólakort o.fl. til Brynleifs Tóbiassonar, 1953-1957.

### Umslag 4

Bréf, þakkar- og jólakort, nafnspjöld o.fl., til Guðrúnar Gunnarsdóttur og Brynleifs Tóbiassonar, 1955-1958.

Bréf til Sigurlaugs Brynleifssonar vegna tilboðs í húseignina að Eyrarlandsvegi nr. 8 á Akureyri, 13. júní 1978, afrit.

### Örk 5

Sigurlaugur Brynleifsson. Dagbók, jólakort, minnisblöð o.fl., 2002 og án árs.

## Askja 8

*Bréfa- og málafn- ræður, greinar og erindi 1936-1956.*

### Umslag 1

Bréf, boðs- og jólakort o.fl., til Guðrúnar Guðnadóttur og Brynleifs Tóbiassonar, 1954-1956.

Ríkisútvarpið. *Dagskrá 8.-14. ágúst 1954*. Brynleifur Tóbiasson yfirkennari flutti erindið *Madvig, latínumaðurinn og stjórnmálamaðurinn- 150 ára minning*, þriðjudaginn 10. ágúst.

### *Ræður greinar og erindi*

#### Örk 2

Brynleifur Tóbiasson. Ræður, erindi, greinar, minningarorð o.fl., 1936-1955.  
Minnisblöð o.fl., án árs.

### *Góðtemplarareglan*

#### **Askja 9**

*Bréfa- og málafn Góðtemplarareglan 1913-1956.*

##### Umslag 1

I.O.G.T Stórstúka Íslands. Umboðsskrá Brynleifs Tóbiassonar til að starfa sem umboðsmaður stórtémpplarans í stúkunni *Gleym mér ei*, nr. 35, 28. júlí 1913.

I.O.G.T Stórstúka Íslands. Umboðsskrá sem veitir Brynleifi Tóbiassyni heimild til að starfa sem umboðsmaður stórtémpplarans, 7. september 1913.

Stórstúka Íslands. Umburðarbréf til Brynleifs Tóbiassonar, 7. september 1913.

I.O.G.T Stórstúka Íslands. Umboðsskrá, eyðublöð óútfyllt, 3 blöð.

#### Örk 2

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar, ráðstefnur, fréttabréf o.fl., 1925-1949.

*17. Nordiska Nykterhetsmötet i Stockholm 1947*. Bréf til Brynleifs Tóbiassonar og 4 merki frá ráðstefnunni.

*Stjórnarskrá og frumvarp fyrir undirstúkur- undir leiðsögn Stórstúku Íslands*, hefti, 1924.

*Aukalög stúkunnar Esju*, 12. desember 1926, handritað.

#### Örk 3

Brynleifur Tóbiasson. Ræður, greinar, hugvekjur, greinargerðir o.fl. um áfengismál,

##### Umslag 4

Ljósmynd af manni, án árs.

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar, ráðstefnur o.fl., 1949-1955.

Norðurlönd. Hátíðarljóð eftir Tómas Guðmundsson, flutt við setningu XIX. Norræna bindindisþingsins í Reykjavík, 31. júlí 1953.

*Eining: Mánaðarblað um bindindis- og menningarmál*, 11. árg. 7.-8. tbl. júlí- ágúst 1953. Ávarp Brynleifs Tóbiassonar á forsiðu.

#### Örk 5

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar, ráðstefnur, skýrslur o.fl., 1950-1956.

*Uppkast að lögum fyrir Íslenska ungtemplara*, án árs, afrit.

### *Kennarastörf/ Skólanefnd/ Menntaskólinn á Akureyri/ útgáfa*

#### **Askja 10**

*Bréfa- og málafn, skólastörf og útgáfa, 1921-1952.*

##### Umslag 1

Menntamálaráðuneyti. Brynleifur Tóbiasson er settur skólameistari Menntaskólans á Akureyri um þriggja mánaða skeið, 26. september 1951.

Bréf til og frá Brynleifi Tóbiassyni, vegna skólamála, vottorð vegna nemanda og skeyti frá foreldrum vegna beiðna um jólaeyfi nemenda, málarekstur o.fl., 1921-1952.

Stundaskrár, 1932-1933.

Barnapróf, 1924.

Fréttatilkynning frá Menntaskólanum á Akureyri um fullveldishátíð 30. nóvember án árs o.fl.



### *Hver er maðurinn*

*Íslendingaævir*. Aðild: Brynleifur Tóbiasson, gefin út 1944.

Örk 2

*Hver er maðurinn*. Skrá yfir meðteknað skýrslur, II og IV.

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar vegna *Hver er maðurinn*, 1938-1952.

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar frá Guðmundi Gamalielssyni og greiðslur til Brynleifs Tóbiassonar, 1939-1951.

Bréf til Guðmundar Gamalielssonar 1939-1947, kröfur í dánarbú 1945 og líklega minningargrein án árs.

Örk 3

Ættfræðiupplýsingar.

Leiðréttingar.

Umslög: Æviágrip fólks, einskonar spjaldskrá.

Umslag 1. Snæfellsnes og Hnappadalssýsla.

Umslag 2. Dalir.

Umslag 3. Mýrarsýsla.

Umslag 4. Norður- Ísafjarðarsýsla.

Umslag 5. Vestur- Ísafjarðarsýsla.

Umslag 6. Kjósarsýsla.

Umslag 7. Norður- Þingeyjarsýsla.

Umslag 8. Suður- Þingeyjarsýsla.

Umslag 9. Austur- Skaftafellssýsla.

Umslag 10. Vestur- Skaftafellssýsla.

Umslag 11. Austur- Húnavatnssýsla.

Umslag 12. Gullbringusýsla.

Umslag 13. Eyjafjarðarsýsla.

Umslag 14. Strandir.

Umslag 15. Rangárvallasýsla.

Umslag 16. Skagafjarðarsýsla.

Umslag 17. Barðastrandasýsla.

Umslag 18. Suður- Múlasýsla.

Umslag 19. Ak?

Umslag 20. Íbúar í Eyjafjarðarkaupstað.

Umslag 21. Prestar.

### *Saga Akureyrar*

*Saga Akureyrar*. Aðild: Klemens Jónsson og Brynleifur Tóbiasson, gefin út 1948.

### **Askja 11**

*Bréfa- og málafn, útgáfa 1946-1952.*

Örk 1

Bréf til Brynleifs Tóbiassonar o.fl., vegna *Sögu Akureyrar*, skrár yfir ljósmyndir, ljósrit af myndum í bókinni, uppdráttur af Akureyri o.fl., 1946-1949.

Umslag 2

*Saga Akureyrar*. Prófarkir, minnisblöð o.fl.

### *Alþingismannatal*

*Alþingismannatal: Konungsfulltrúa, landshöfðingja, ráðherra o.fl.: 1845-1945*. Aðild: Brynleifur Tóbiasson, útgefin 1952.

### **Askja 12**

*Bréfa- og málafn, prentað mál 1950-1951.*

## Örk 1

Bréf, skrif um alþingi, æviágrip o.fl., 1951 og án árs.

*Fyrirhundrað árum: Alþingi hið nýja hefst 1945*, líklega erindi eða blaðagrein eftir Brynleif Tóbiasson, án árs.

Forsetar Alþingis, þingmenn, nafnalistar, æviþættir o.fl., án árs.

Alþingismannatal, 3. próförk og minnisblöð, án árs.

## Prentað mál

### Umslag 2

Nafnspjöld: 1. Brynleifur Tóbiasson, Geldingaholti, pr. Víðimýri. 2. Brynleifur Tóbiasson, kennari og bæjarfulltrúi, Akureyri Ísland (3 spjöld). 3. Brynleifur Tóbiasson, Nüchternheitskonsulent der Isländischen Reichsregierung und Chef des Guttemplerordens in Islands, Reykjavík Ísland (3 spjöld). Þakkarspjald, á því stendur: *Jeg kann beztu þakkir fyrir vinsemd, veitta mjer, á sextugsamæli mínu 20. apríl 1950* (3 spjöld).

### Umslag 3

Blaðaúrklippur, erlend blöð, án árs.

### Umslag 4

Öskupoki.

Umslög utan af bréfum merkt Brynleifi Tóbiassyni.

### Umslag 5

Póstkort, ónotuð.

## Askja 13

*Bréfa- og málafn, bókhald, ljósmyndir og myndmót 1867-2001*

### Skjal

*Ordre Maçon: Micté International, Liberté Égalité Fraternité...* Skjal Brynleifs Tóbiassonar nr. 853, líklega frá Menntaskólanum á Akureyri, 21. febrúar 1927.

## Bókhald

### Örk 1

Brunabótafélag Íslands. Brunatrygging á lausafé í húsinu nr. 26 við Eyrarlandsveg, 10. júlí 1935.

Brunabótafélag Íslands. Brunatrygging á lausafé í húsinu nr. 26 við Eyrarlandsveg, 10. júlí 1939.

Almennar tryggingar h/f. Brunatrygging á bókasafni í húsinu nr. 24 við Oddeyrargötu, 4. febrúar 1953.

Váttryggingarfélagið h/f. Slysatrygging, 24. nóvember 1954.

Almennar tryggingar h/f. Brunatrygging verslunarinnar Þjórsá, 14. desember 1956.

Bókhald/ reikningar Brynleifs Tóbiassonar, 1920-1957.

Reikningur yfir kaup Magnúsar Bjarna Stefánssonar frá 1867-1869.

### Umslag 2

Bókhald/ reikningar Sigurlaugs Brynleifssonar, sonar Brynleifs Tóbiassonar, 1968-1978 2001

Kaupmáli Sigurlaugs Brynleifssonar og Ingibjargar Þ. Stephensen, 7. febrúar 2000.

Erfðafjárskýrsla Dorotheu B. Stephensen. 30. október 2001.

## Ljósmyndir

### Umslag 1

Ljósmynd af Brynleifi Tóbiassyni. Myndin er tekin úr blaði og er líklega með frásögninni *Ferðasögupáttur*, án árs.

### Umslag 2

Ljósmyndir, líklega af Brynleifi Tóbiassyni, án árs, 2 myndir.

Umslag 3

Ljósmynd af fólki við kaffiborð. Brynleifur Tobíasson er annar frá hægri á myndinni, án árs.  
Á blað sem fylgir myndinni er ritað: *Hr. Stórtemplar Brynleifur Tobíasson. Góði vin. Ég átti þessa mynd, aukalega. Datt í hug að færa þjér hana. Vinsamlegast. Þorsteinn J. Sigurðsson.*

Umslag 4

Ljósmynd af tveim ungum mönnum. Líklega er Brynleifur Tobíasson vinstra megin, án árs.

Umslag 5

Ljósmynd af tveim stúlkum, án árs.

Umslag 6

Ljósmynd af ungum dreng, án árs.

Umslag 7

Ljósmynd af ungum manni, án árs.

Umslag 8

Ljósmynd af ungum manni, án árs.

Umslag 9

Ljósmynd af manni, Stefán Jónsson, án árs. Myndin er tekin úr bók.

Umslag 10

Ljósmynd af konu og manni. Á myndina er ritað: Kær kveðja frá okkur hjónunum, Sveinn Jónsson og frú, án árs.

Umslag 11

Ljósmynd af konu og manni, án árs.

Umslag 12

Ljósmynd af konu og manni, einnig er hópmynd úr veislu og undir hana er prentað: *Pjetur A. Ólafsson, konsúll. Akureyri, 1 maí 1870 til 1. maí 1940.*

*Myndmót*

Umslag 1

Myndmót, líklega mynd af Brynleifi Tobíassyni, án árs.

Umslag 2

Myndmót, líklega mynd af Brynleifi Tobíassyni, án árs.

Umslag 3

Myndmót, mynd af Tryggva Þórhallssyni, án árs.

Innsigluð bók. Í hana á (póstmaður) *bréfhirðingur á Hrauni í Grindavík* að rita öll ábyrgðarbréf, peningasendinar og böggla sem koma þangað með póstum, 15. janúar 1909.

**Askja 14**

*Ljósmyndaalbúm, líklega frá Sigurlaugi Brynleifssyni, 1936-2002.*

Örk 1

Ljósmyndir af Sigurlaugi Brynleifssyni, án árs.  
Fjölskyldumyndir, án árs og 2002.

Albúm 1

Ljósmyndir af Ingibjörgu (1936-2001), konu Sigurlaugs, frá 5 mánaða aldri til stúdentsprófs. Inn í albúmið er ritað: *Ingibjörg Þorsteinsdóttir Stephensen. Í tannfé frá mömmu þann 18. ágúst 1936.*  
Árið 1937: *Ingibjörg er eins og fyr,*

*oft að reyna að labba,  
ef að hana einhver spyr,  
er hún dóttir pabba.*

*Labbar eins og lítil gæs,  
lundu káta ber hún,  
ef að margt á móti blæs,  
mömmu dóttir er hún.*

Albúm 2

Fjölskyldumyndir, ómerktar, án árs.

Albúm 3

Fjölskyldumyndir, ómerktar, án árs.

Albúm 4

Fjölskyldumyndir, ómerktar, án árs.

**Askja 15**

*Ljósmyndaalbúm, líklega frá Sigurlaugi Brynleifssyni, 1967-1973.*

Albúm 5

Fjölskyldumyndir, ómerktar, framkallað í ágúst 1967 til júlí 1968.

Albúm 6

Fjölskyldumyndir, ómerktar, framkallað í júlí 1967 til september 1971.

Albúm 7

Fjölskyldumyndir, ómerktar, framkallað í maí 1968 til ágúst 1972.

Albúm 8

Fjölskyldumyndir, ómerktar, framkallað í janúar 1971 til júní 1973.

Skráð í apríl- júní 2017  
Gréta Björg Sörensdóttir